VEFNIR
Tímarit félags um átjándu aldar fræði

Kvistur
Leita
Leita í textum Félags um 18. aldar fræði Leita í öllu efni á Kvisti

# Staða rannsókna í kvennafræðum

Höfundur: Inga Huld Hákónardóttir
Birtist í: Vefni: 1. vefriti 1998

Hafa verið gerðar nokkrar rannsóknir sem snerta íslenskar konur á upplýsingaröld? Eru fyrirliggjandi nokkrar heimildir sem nýta má í þessu skyni?

Slíkum spurningum hefur tæpast fyrr verið varpað fram á fræðilegum vettvangi hérlendis. Í fyrstu verður fátt um svör. Þótt upplýsingarmenn víkkuðu sjónarsvið háskóla til mikilla muna þá voru þeir mótaðir af hefðum sem skapast höfðu þegar í fornöld, en þá var litið svo á að vettvangur kvenna væri á sviði einkalífs og um einkalíf var ekki rætt í lærðum textum. Sú hefð var ekki rofin fyrr en á síðustu áratugum og jafnvel í nýrri Íslandssögu Björns Þorsteinssonar sem út kom árið 1990 var kvenna varla getið nema í ættartölum og myndatextum. Í Tímariti Sögufélags hefur æði lítið birst af sviði kvennasögu fyrr en í allra síðasta hefti (Erla Hulda Halldórsdóttir: Að vera sjálfstæð. Ímyndir, veruleiki og frelsishugmyndir kvenna á 19. öld. Saga XXXV 1997). En það eru liðin a.m.k. fimmtán ár síðan stuttar greinar um kvennaefni tóku að birtast í Sögnum, tímariti sagnfræðinema, og Nýrri Sögu.

Grein kvennafræði eru ung, en hafa þó þegar skilað nokkru. Athygli hefur gjarnan beinst að umfangsmikilli arfleifð miðalda og einnig að kvenfrelsisbaráttu 19. aldar og þeirrar 20. Um konur upplýsingaraldar á Íslandi fyrirfinnst varla nokkurt heilt fræðirit, þótt síðara bindi af Skáldkonum fyrri alda eftir Guðrúnu P. Helgadóttur komist mjög nærri því. Hins vegar hefur furðu margt um konur 18. aldar komið fram sem hluti af almennum rannsóknum síðustu ára, t. d. innan fjölskyldusögu, hagsögu og mannfjölda- eða lýðfræði. Ennfremur hafa rannsóknir á sviði réttarsögu og kirkjusögu leitt margt fróðlegt í ljós. Allmikið hefur verið skráð um vinnu kvenna og hannyrðir. Bókmenntafræðingar finna æ fleira forvitnilegt. Loks gefa nýjar greinar sagnfræði tilefni til bjartsýni og má þar nefna hugarfarssögu ásamt einsögu eða persónusögu (microhistory) og sagnfræði tilfinninganna.

Frumheimildir frá konum sjálfum eru af skornum skammti. Í fljótu bragði virðist konur helst að finna í útfararminningum hefðarkvenna þar sem rækilega er tíundað hve mörg börn þær hafi alið og hve mörg lifað, hve mörg látist og voru stundum fleiri í seinni hópnum. Þótt margar konur yrðu læsar á 18. öld, voru þær fæstar hvattar til að læra að skrifa, enda lærdómur ekki talinn til kvenlegra dygða. Sennilega var sálmur í Höfuðgreinabók á Hólum 1772 það fyrsta sem íslensk kona sá eftir sig á prenti, hún hét Guðný Guðmundsdóttir, en engin kona á upplýsingaröld sá eftir sig prentaða bók.

Munnlega hefðin var hins vegar geysisterk og bænir, heilræði, kveðskapur og ævintýri bárust þann veg frá kynslóð til kynslóðar. Ætla mætti að það væri vonlaust verk að rifja hana upp. En það var einmitt á 18. öld, árið 1707, sem eitt fyrsta ævintýrið, Brjáns saga, var skráð og þá eftir frásögn konu, Hildar Arngrímsdóttur. Og fleiri heimildir höfum við. Á handritadeild Landsbókasafns eru geymd fimmtán þúsund handrit frá því eftir

ıðaskipti, fram að þessu lítt rannsökuð af fræðimönnum. Það er að uppgötvast, meðal annars fyrir tilstilli Kára ɉarnasonar sérfræðings á deildinni, að mikið af þessum afskriftum tengist konum á einn eða annan hátt, sumt r um þær eða eftir þær, og æði oft hafa þær fengið karla til að skrifa upp fyrir sig efni sem þær höfðu áhuga á, ıfnvel látið gera sér handskrifaðar bækur. Einnig er vitað um slíkar bækur á erlendum söfnum. Ýmsar konur rtu sálma, kváðu ferskeytlur og rímur. Margt af hinu handskrifaða efni verður aldrei ættfært nánar en um ıusavísuna segir: "alþýðuandinn var faðir hennar, þjóðarsálin móðir hennar."

Ieð samanburði á þessum handskrifaða arfi og prentuðum bókum tímabilsins verður hægt að draga upp kýrari mynd en áður af hugarheimi alþýðu, grasrótarmenningu sem yfirvöldum var oft lítt að skapi en gátu ekki veðið niður.

Im menningu yfirstéttarkvenna höfum við allnokkrar minjar, t.d. fagrar hannyrðir. Má þar vísa í bókina Konur g kristsmenn, einkum fróðlega grein Elsu E. Guðjónsson. Um biskupsfrúr og umsvif þeirra er talsvert vitað, en efur lítið verið skoðað í heild. Á handritadeild Landsbókasafns eru geymd um tvö hundruð bréf til og frá Ialgerði Jónsdóttur (1771-1856), nær ókönnuð. Hún var gift tveimur biskupum og lifði báða, endurreisti kirkju í kálholti og frá henni er komið safn nærri 400 handrita sem hún hafði hjálpað eiginmönnum sínum að safna og arðveita.

réf fleiri kvenna frá því seinast á tímabilinu hafa geymst. Finnur Sigmundsson gaf út ýmis sýnishorn þeirra, og sérstakri bók öll bréf Ingibjargar Jónsdóttur, f. 1784, en hún var móðir skáldsins Gríms Thomsen.

ritum og ljóðum upplýsingarmanna er efniviður til að skoða viðhorf þeirra til kvenna, hverjir eiginleikar þóttu ɛskilegastir hjá konum og hvert hlutverk þeim var ætlað. Þar má nefna til sögunnar Jón Vídalín, Eggert Ilafsson og Björn í Sauðlauksdal. Vissulega var brýnt fyrir konum að vera auðsveipar og fórna sér fyrir heimili g fjölskyldu, en jafnframt áttu eiginmenn að sýna þeim virðingu og umhyggju. Hvernig þau samskipti voru, og ver sjálfsmynd kvenna var á þessum tíma er enn eitt óleyst viðfangsefni.

ftirfarandi ritaskrá er vísir að gagnagrunni, einkum yfir rannsóknir. Ég veit ekki til þess að það hafi verið reynt ður, svo þetta er fyrsta skóflustungan. Áreiðanlega ófullkomin, en gæti máske orðið að gagni þeim sem vilja kyggnast eftir konum á upplýsingaröld. Eins og oft vill verða með kvennasögu liggja rannsóknir ósjaldan á ıörkum tveggja þriggja fræðigreina, og getur því flokkun orkað tvímælis. Ég vil ennfremur minna á að lærðum öfundum hættir oft fremur en ólærðum til að ýta konum burt úr texta sínum. Ágætt dæmi eru þeir feðgar Jón Ialldórsson frá Hítardal (1665-1736) og sonur hans Finnur, biskup í Skálholti (1704-1789). Jón ritaði iskupasögur sínar og margt fleira í alþýðlegum frásagnarstíl, en Finnur kirkjusögu í fjórum bindum á latínu, tudda mörgum stjórnsýsluskjölum. (Hún er væntanleg í íslenskri þýðingu Svavars Hrafns Svavarssonar á æstu árum). Ekki er að sökum að spyrja, hjá Jóni segir meira af konum. Þess vegna geta alþýðlegir söguþættir erið gjöfulli en fræðirit þegar leitað er kvenna. Má þar nefna hvernig Brynjólfur Jónsson á Minna-Núpi ritaði m Þuríði formann (1777-1863), bæði eftir henni sjálfri, móður sinni, ömmu sinni og fleiri konum.

## :rlend yfirlitsrit

Ioble, D.F., 1992: A World without Women. The Christian Clerical Culture of the Western Science. New York. Im kvennablindu evrópskra háskóla, m.a. hvernig hún hélst óbreytt þrátt fyrir aukna vísindahyggju á pplýsingaröld.

Iistory of Women in the West III. Renaissance & Enlightenment Paradoxes. Ritstj. N.Z. Davis & A. Farge. ambridge, Mass.

ridenthal, Koonz, Stuard, 1987: Becoming Visible. Women in European History. 2. útg. Boston. Sjá einkum 10. afla eftir E. Fox-Genovese.

:vinder fra urtid til nutid. 2. bindi. Ritstj. Ida Blom. København 1992, bls. 561-581.

## nnlend yfirlitsrit

'pplýsingin á Íslandi. Tíu ritgerðir. Ritstj. Ingi Sigurðsson. Reykjavík 1990. Um mun æðri menningar og lþýðumenningar sjá einkum greinar Hjalta Hugasonar og Lofts Guttormssonar, um réttarfar Davíð Þór jörgvinsson.

nna Sigurðardóttir, 1976: Ártöl og áfangar í sögu íslenskra kvenna frá 1746 til 1975. Kvennasögusafn. eykjavík.

slenskar kvennarannsóknir. Gagnagrunnur 1970-1997. I. Sagnfræði. Abstracts on Women's Studies in Iceland 970-1997. I. History. Ritstj. Helga Kress. Reykjavík.

ıga Huld Hákonardóttir, 1992: Fjarri hlýju hjónasængur - öðruvísi Íslandssaga. Reykjavík.

## 3ókmenntasaga

uðrún P. Helgadóttir, 1963: Skáldkonur fyrri alda II. Akureyri. Ágætur formáli. Kaflar um Steinunni í Höfn em var amma Snorra á Húsafelli og lifði fram yfir 1710, Siggu skáldu sem sögð er hafa ort hið vinsæla ljóð eðfró, d. 1707, Látra-Björgu 1716-1784, Katrínu Jónsdóttur á Prestsbakka, f. 1761 - og jafnöldrur hennar, hinar áðsku Ljósavatnssystur. Einnig Vatnsenda-Rósu f. 1795, en orti margar sínar bestu stökur fyrir 1830.

ergljót S. Kristjánsdóttir, 1996: "Gunnlöð ekki gaf mér neitt / af geymsludrykknum forðum." Um Steinunni innsdóttur, Hyndlurímur og Snækóngsrímur; um efni rímnanna, skáldskaparmál, mansöngva o.fl.; uðamjöður og arnarleir. Ritstj. Sverrir Tómasson. Reykjavík. Bergljót sýnir þar fram á að Steinunn vinnur ðruvísi en karlar úr mansöngshefðinni og dregur fram frumleg tök hennar á skáldskapar- og myndmáli, sem og fnistökum.

vanhildur Gunnarsdóttir, 1995: Sagan af þeim eingelska og nafnfræga Berthold (1756). Uppruni og umhverfi ýddrar skáldsögu. Ópr. meistaraprófsritgerð, varðveitt í Landsbókasafni Íslands, Háskólabókasafni (Lbs., Ibs.). Tvær konur ortu rímur út af þessari sögu, og hafa aðrar þeirra geymst, eftir Hólmfríði Markúsdóttur ıeðhjálpara í Flatey (f. um 1741, d. 1799).

ári Bjarnason, 1997: Orðræðan um Maríu Guðsmóður. Rannsókn á Maríumynd íslenskra skálda 1400-1800. 'pr. meistaraprófsritgerð, varðveitt í Lbs., Hbs. Sjá einnig grein Kára um sama efni: María Guðsmóðir og ıenningararfurinn. Fréttabréf Ættfræðifélagsins, febrúar 1997.

inar Sigurbjörnsson lýsir kenningum lútherskrar kirkju um Maríu í samantektinni: "Má hún vel kallast makleg ess - Um Maríu Guðs móður." Tímarit Háskóla Íslands. 1. tbl. 1990.

Iaría Anna Þorsteinsdóttir, 1996: Tveggja heima sýn. Saga Ólafs Þórhallasonar og þjóðsögurnar. Studia slandica 53. Reykjavík. Áhugaverð meistaraprófsritgerð um eina fyrstu íslensku skáldsöguna, sem rituð var af iríki Laxdal um 1800. Sagan gerist að miklu leyti í álfabyggðum þar sem konur njóta jafnréttis á við karla á ıörgum sviðum, svo sem ástamálum og dómarastörfum. Höfundur tengir kvenfrelsi sögunnar við ugmyndastrauma frá frönsku byltingunni, sem og innlendar þjóðsagnahefðir. Í framhaldi af henni er við hæfi ð nefna Íslenskar útilegumannasögur sem út komu í Reykjavík árið 1987 í umsjón Guðrúnar Bjartmarsdóttur samt góðum formála hennar. Loks flutti Margrét Eggertsdóttir spjall á afmæli Kvennasögusafns 5. des. 1997: Fleiri gjörði hún vísur þó ei viti ég". Nokkur orð um kveðskap kvenna og varðveislu hans. Mun það birtast á renti innan tíðar.

## (ristnisaga

Jndirbúningur nýrrar kirkjusögu fjölmargra höfunda undir ritstjórn Hjalta Hugasonar í tilefni 1000 ára fmælis kristnitöku hefur skilað allmiklu efni um konur sem legið hefur í þagnargildi. Loftur Guttormsson mun alla um tímabilið frá 1550-1800 og hugar m.a. að stöðu og hlutverki kvenna skv. lútherskri hugmyndafræði,

vernig áherslur færast eftir siðbreytingu frá abbadísum og heilögum meyjum til starfsömu eiginkonunnar - eða á Maríu til Mörtu.

tengslum við kirkjusöguna var gefið út ritgerðasafnið Konur og kristsmenn. Þættir úr kristnisögu Íslands. itstj. Inga Huld Hákonardóttir. Reykjavík 1996. Fjórar ritgerðanna varða upplýsingaröld:

uðrún Ása Grímsdóttir: Um íslensku prestskonuna á fyrri öldum. Óháð ætterni eða efnahag urðu margar restskonur til fyrirmyndar um hússtjórn og uppeldi, sem og stuðning við eiginmenn og samfélag.

largrét Eggertsdóttir: Í blíðum faðmi brúðgumans. Hlutur kvenna í trúarlegum kveðskap á 17. og 18. öld. largrét skoðar kvenmyndina í trúarlegum ljóðum eftir karla og einnig trúarlegan kveðskap eftir konur á þessu mabili.

r. Gunnar Kristjánsson: Viðhorf Vídalínspostillu til kvenna. Þar er skoðað hvernig hinn ástsæli predikari lýsir onum í ýmsum hlutverkum hins daglega lífs.

lsa E. Guðjónsson: Með silfurbjarta nál. Um kirkjuleg útsaumsverk íslenskra kvenna í kaþólskum og ítherskum sið. Þar segir af ýmsum konum á 18. öld, meðal annars Vatnsfjarðarsystrum, Rannveigu sem var ystir Eggerts Ólafssonar og eiginkona Björns í Sauðlauksdal og Guðrúnu dóttur Skúla fógeta, sem og nokkrum iskupsfrúm. Ítarleg ritaskrá. Sjá einnig: Höklar. Ritstj. sr. Gunnar Kristjánsson. Reykjavík 1993.

msar stuttar greinar má finna hér og þar, t.d. Sigurjón Einarsson, 1977: Að leiða konur í kirkju. Stutt amantekt um kirkjuleiðslu kvenna í lútherskum sið á Íslandi. Saga XV.

agnheiður Sverrisdóttir, 1981: Kirkjuleiðsla kvenna á Íslandi. Ópr. B.A.-ritgerð, varðveitt í Lbs., Hbs.

ristján Eldjárn, 1971: Bænhúsið að Gröf. 2. útg. Reykjavík. Það var á Höfðaströnd, þar sem biskupsekkjur áttu ér oft samastað á efri árum.

lörður Ágústsson, 1976: Bæjardyraport Þóru Björnsdóttur. Menntir og minjar. Afmælisrit helgað Kristjáni ldjárn. Reykjavík.

**já ennfremur umfjöllun um efnið í eftirfarandi ritum:**

> Hjalti Hugason, 1988: Kristnir trúarhættir. Íslensk þjóðmenning V. Reykjavík og Árni Björnsson, 1996: Merkisdagar á mannsævinni. Reykjavík. Þá vinnur Inga Huld Hákonardóttir að ritgerð um konur og trúarmenningu á 19. öld og seint á þeirri 18.

## Iagsaga, fjölskyldusaga og lýðfræði

annsóknir á hagsögu fyrri alda kalla oft á umfjöllun um ýmsa lýðfræðilega þætti: fæðingar og lífslíkur, bönn ið giftingum jarðnæðislausra o.s.frv. Fræðimenn lesa úr tölum sínum margt sem í hæsta máta snertir kjör venna og afkomu. Meðal sveitarómaga og þurfamanna eru þær ekki sjaldséðar.

ísli Gunnarsson, 1987: Upp er boðið Ísaland; einokunarverslun og íslenskt samfélag 1602-1787. Reykjavík. Sjá g ýmsar ritgerðir Gísla, svo sem Fertility and nuptiality in Iceland´s demographic history. Lundi 1980. 2. útg. eykjavík 1984, og Fátækt á Íslandi fyrr á tímum. Ný saga 4 1990.

ísli Ág. Gunnlaugsson, 1982: Ómagar og utangarðsfólk. Fátækramál Reykjavíkur 1786-1907. Reykjavík. Sjá inkum bls. 24-68. Margar gagnlegar greinar er einnig að finna í ritgerðasafni Gísla Ágústs, 1997: Saga og amfélag. Þættir úr félagssögu 19. og 20. aldar. Ritstj. Guðmundur Hálfdanarson, Loftur Guttormsson, Ólöf arðarsdóttir. Reykjavík. Þar er víða fróðleik að finna um hag kvenna á 18. öld.

## ʼiðhorf til uppeldis og uppfræðslu

oftur Guttormsson hefur einnig skoðað gaumgæfilega hjónabönd og barneignir, en fremur frá sjónarhorni ppeldis og hugmyndasögu t.d. í riti sínu Bernska, ungdómur og uppeldi á einveldisöld. Tilraun til félagslegrar g lýðfræðilegrar greiningar. Rit Sagnfræðistofnunar 10. Reykjavík 1983. Rannsóknir hans á lestrarkunnáttu á 3. öld gefa mikilvægar upplýsingar um þátt kvenna í uppfræðslu og lestrarkennslu, m.a.: 1981: Island. æsefærdighed og folkeuddannelse i Island 1540-1800. Ur nordisk kulturhistoria. Läskunnighet och olkbildning före folkskoleväsendet. XVIII nordiska historikermötet. Ritstj. Jokipii og Nummela. Jyväskylä; 987: Bókmenning á upplýsingaröld. Upplýsing í stríði við alþýðumenningu. Gefið og þegið. Afmælisrit til eiðurs Brodda Jóhannessyni sjötugum. Reykjavík. Einnig 1987: Uppeldi á upplýsingaröld. Um hugmyndir erdómsmanna og hátterni alþýðu. Ritröð KHÍ og Iðunnar 9. Reykjavík.

**já ennfremur:**

Ingunn Þóra Magnúsdóttir, 1989: Um blessaðan lífs-ávöxt á 17. og 18. öld: viðhorf til barnauppeldis og aga. Sagnir 10.

Ólöf Garðarsdóttir, 1990: Guðsótti og góðir siðir. Uppeldisviðhorf frá siðaskiptum til upplýsingar. Sagnir 11.

Þórunn Valdimarsdóttir, 1986: Dyggðaspegill. Sagnir 7.

Silja Aðalsteinsdóttir, 1981: Íslenzkar barnabækur 1780-1979. Reykjavík. Sjá einkum bls. 17-25 og 36-44. Silja skoðar viðhorf til telpna jafnt sem drengja í bókum upplýsingarmanna fyrir börn.

## ʀéttarsaga

Iár Jónsson, 1985: Dulsmál á Íslandi 1600-1920. Meistaraprófsritgerð, varðveitt í Lbs., Hbs. (kom út í 120 ölrituðum eintökum); 1993: Blóðskömm á Íslandi 1270-1870. Reykjavík. Auk þess hefur Már ritað fjölmargar reinar sem tengjast tímabilinu meira eða minna, t.d. Már Jónsson, 1991: Dulsmál í Landnámi Ingólfs 1630-380. Landnám Ingólfs. Nýtt safn til sögu þess. 4. Reykjavík. Sjá og ritgerð Más, 1992: Ofbráðar barneignir á yrri hluta 19. aldar. Sagnir 13.

áll Sigurðsson, 1971: Brot úr réttarsögu. Reykjavík. M.a. fjallað um aftökur á Þingvöllum fram á miðja 18. öld, venna sem karla.

ára Baldursdóttir, 1993: Ekki skaltu láta galdrakonuna lifa. Af Galdra-Möngu og Galdra-Imbu. Sagnir 14. Um ıildi yfirvalda í garð galdrakvenna á síðari hluta sautjándu aldar.

## ʼerksaga

ınna Sigurðardóttir, 1985: Vinna kvenna á Íslandi í 1100 ár. Úr veröld kvenna II. Kvennasögusafn Íslands. eykjavík. Sögulegt yfirlit yfir hvers kyns kvennastörf, einnig kjör og laun. Afar fróðlegt rit.

órunn Magnúsdóttir, 1984: Sjósókn sunnlenskra kvenna frá verstöðvum í Árnessýslu 1697-1980. Vestm. Sjá innig Oddný Yngvadóttir, 1987: Breiðfirskar sjókonur. Sagnir 8. Höfundur telur þær margar á 18. og 19. öld, og eltir fyrir sér orsökum þess. Prýðileg ævisaga sjókonu er eftir Brynjólf Jónsson frá Minna-Núpi, 1975: Sagan af uríði formanni og Kambsránsmönnum með viðaukum og fylgiskjölum. Guðni Jónsson gaf út. Reykjavík.

## Ieilbrigðissaga

ınna Sigurðardóttir, 1984: Úr veröld kvenna - Barnsburður. Ljósmæður á Íslandi II. Ritstj. Björg Einarsdóttir. jósmæðrafélag Íslands. Reykjavík. Í sama riti rekur Helga Þórarinsdóttir menntunarsögu ljósmæðra aftur til 761.

oftur Guttormsson, 1983: Barnaeldi, ungbarnadauði og viðkoma á Íslandi 1750-1860. Athöfn og orð. fmælisrit helgað Matthíasi Jónassyni áttræðum. Reykjavík.

igríður Sigurðardóttir, 1982: Höfðu konur börn á brjósti 1700-1900? Sagnir 3.

[elgi Þorláksson, 1986: Óvelkomin börn? Saga XXIV.

iðhorf til kvenna í ritum upplýsingarmanna hafa lítt verið könnuð. Jón Vídalín var nefndur hér að ofan, en jöfult rannsóknarefni yrði Arnbjörg, æruprýdd dáindiskvinna á Vestfjörðum: samið af Birni Halldórssyni í auðlauksdal, útg. Egill Stardal. Reykjavík 1973. Sjá ennfremur Ræður Hjálmars á Bjargi fyrir börnum sínum ftir Magnús Stephensen. Viðey 1820. Um kvenmynd Magnúsar sjá Ingi Sigurðsson, 1996: Hugmyndaheimur Iagnúsar Stephensens. Reykjavík. Sjá einkum bls. 86-89.

ıga Dóra Björnsdóttir, 1991: Nationalism, Gender and the Contemporary Icelandic Women's Movement. Ópr. oktorsritgerð, varðveitt í Lbs., Hbs. Áhugaverðir kaflar um Fjallkonuna sem margrætt tákn þjóðvitundar, en ppruna þess má rekja til 18. aldar, sbr. ljóð Eggerts Ólafssonar "Ísland". Sjá ennfremur grein Ingu Dóru jörnsdóttur, 1994: "Þeir áttu sér móður." Kvenkenndir þættir í mótun íslenskrar þjóðernisvitundar. Fléttur. Rit annsóknastofu í kvennafræðum I. Ritstj. Ragnhildur Richter og Þórunn Sigurðardóttir. Reykjavík. Sjá einkum ls. 72-73.

órunn Valdimarsdóttir, 1990: Um gagnkvæma ást manna og meyjar (fjallkonunnar). Yrkja. Afmælisrit til igdísar Finnbogadóttur. Ritstj. Heimir Pálsson. Reykjavík.

igríður Björg Tómasdóttir: Orðræða um konur. Um kvenímynd upplýsingarinnar. Ritgerð sem birtast mun í áðstefnuriti Íslenska söguþingsins 1997, sem út kemur mjög bráðlega.

## Einsaga eða persónusaga

innur Sigmundsson, 1946: Húsfreyjan á Bessastöðum. Reykjavík; 1952: Sendibréf frá íslenskum konum 1784-900. Reykjavík, og 1961: Konur skrifa bréf" 1797-1907. Reykjavík. Formálar Finns eru stuttir en góðir.

reinar: Kristín Ástgeirsdóttir, 1991: Sjálfstæðisbaráttan og húsfreyjan á Bessastöðum. Ný saga 5. Kristín koðar viðhorf Ingibjargar til stjórnmála og byltinga samtíðarinnar, en Guðrún Guðlaugsdóttir frekar einkalíf ennar og heilsufar í greininni: Konan í upphafi 19. aldar. Lesbók Morgunblaðsins 4. mars 1995.

étt er að minna á Fru Gytha Thorlacius' Erindringer fra Island i Aarene 1801-1815. Endurútgefið af H. Prytz. øbenhavn 1930. Áhugaverð bók sem nær ekkert hefur verið fjallað um.

lþýðusagnfræðingar hafa dálæti á biskupsfrúm, sakakonum og skáldmæltum förukonum þótt einhverjar eiðarlegar húsfreyjur flækist með. Mikið af slíkum þáttum er að finna í ýmiss konar safnritum, en hér verður ıtið staðar numið að sinni í þeirri von að skráin geti flýtt fyrir þeim sem auka vilja hlut kvenna í fræðum 18. ldar.